

Nd. 250. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 129/1984:

1. Í stað „2 250 kr.“ í 1. mgr. komi: 4 009 kr.
2. Í stað „450 kr.“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. komi: 802 kr.
3. Í stað „650 kr.“ í 7. mgr. komi: 1 160 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1987 verði tilgreind skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laganna nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 31% á milli árána 1985 og 1986. Er því samkvæmt frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 31%. Er sú hækkun í samræmi við hækkun frádráttarliða frá tekjum sem gerð er tillaga um af sama tilefni í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nýlega var lagt fyrir Alþingi.